



Starfsmaður í Dagdvöl aldraðra óskast

Upphaf starfs:	Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.
Starfshlutfall:	90% starfshlutfall.
Starfsheiti:	Starfsmaður við Dagdvöl aldraðra (aðhlyning og félagsstarf).
Lýsing á starfinu:	Starfsmaður vinnur eftir daglegu skipulagi í samráði við forstöðumann og samstarfsfólk. Starfsmaður styður dagdvalargesti til sjálfstæðis og sjálfræðis, ásamt því að efla færni og sjálfsbjargargetu heima og í dagdvöl. Starfsmaður eflir, leiðbeinir og hvetur dagdvalargesti við athafnir daglegs lífs s.s. persónulega umhirðu og aðstoðar við sund, böðun og á matmálistímum. Ásamt því að efla dagdvalargesti til þátttöku í starfsemi dagdvalar, líkt og hópstarfi, upplestri, söng, gönguferðum o.s.frv.
Menntunarkröfur:	Menntun sem nýtist í starfi er kostur, t.d. sjúkraliðanám, félagsliðanám o.s.frv.
Hæfniskröfur:	Reynsla af sambærilegu starfi er kostur. Umsækjendur þurfa að búa yfir færni í mannlegum samskiptum, hæfni í sjálfstæðum vinnubrögðum ásamt frumkvæði, sveigjanleika, jákvæðni og stundvísi. Umsækjendur þurfa að hafa almenna tölvuþekkingu og færni. Skilyrði er að umsækjendur tali og skilji vel íslensku. Umsækjendur skulu hafa náð 18 ára aldri. Hreint sakavottorð.
Launakjör:	Laun og önnur starfskjör eru samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga við hlutaðeigandi stéttarfélag.
Umsóknarfrestur:	Er til og með 1. júní 2022.
Nánari upplýsingar:	Stefanía Sif Traustadóttir, forstöðumaður, í síma 453-5909 / 692-5909 eða með tölvupósti stefaniast@skagafjordur.is .
Umsóknir:	Umsóknum er greina frá menntun og fyrri störfum skal skilað í gegnum íbúagátt sem finna má á heimasíðu sveitarfélagsins, www.skagafjordur.is (laus störf). Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Dagdvöl aldraðra er stuðningsúrræði við þá sem að staðaldri þurfa eftirlit og umsjá til að geta búið áfram heima. Markmið starfsins er að skapa fjölbreytta starfsemi sem stuðlar að innihaldsríku lífi og vinnur gegn einmanaleika, vanmáttarkennd og leiða.